# Orkuveita Reykjavíkur

Samstæða

Samandreginn árshlutareikningur

1. janúar til 31. mars 2020


Orkuveita Reykjavíkur

Bæjarhálsi 1

110 Reykjavík

Kt. 551298-3029

# Efnisyfirlit

Bls.


Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .................................... 3

Rekstrarreikningur .................................... 4

Yfirlit um heildarafkomu .................................... 5

Efnahagsreikningur .................................... 6

Eiginfjáryfirlit .................................... 7

Sjóðstreymisyfirlit .................................... 8

Skýringar .................................... 9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Samstæðan veitir þjónustu í gegnum félög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

Árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2020 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 34 um árshlutareikninga*. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning OR og dótturfyrirtækja. Árshlutareikningur þessi er ekki kannaður af endurskoðanda fyrirtækisins.

Tap af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2020 nam 2.647 milljónum kr. (1.1.-31.3.2019: hagnaður 3.869 milljónir kr.). Heildarafkoma samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2020 nam 6.171 milljónum kr. (1.1.-31.3.2019: 7.307 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 398.751 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2019: 369.884 milljónir kr.). Eigið fé nam 188.471 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2019: 182.299 milljónir kr.) og er eiginfjárhlutfall samstæðunnar 47,3% (31.12.2019: 49,3%).

| Í upphafi ársins sem og í lok tímabilsins voru eigendur móðurfyrirtækisins þrír, en þeir eru: | Eignarhluti |
|---|---|
| Reykjavíkurborg ........ | 93,539% |
| Akraneskaupstaður ........ | 5,528% |
| Borgarbyggð ........ | 0,933% |

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 34 um árshlutareikninga.* Að áliti stjórnar og forstjóra gefur árshlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. mars 2020 ásamt rekstrarafkomu hennar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2020.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóri staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2020.

Reykjavík, 25. maí 2020.

Í stjórn fyrirtækisins:

*Brynhildur Davíðsdóttir*
*Gylfi Magnússon*
*Sigríður Rut Júlíusdóttir*
*Katrín Atladóttir*
*Valgarður Lyngdal Jónsson*

Forstjóri:

*Bjarni Bjarnason*

# Rekstrarreikningur
# 1. janúar til 31. mars 2020

| | Skýr. | 2020<br>1.1.-31.3. | 2019<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 4 | 13.265.322 | 12.642.287 |
| Söluhagnaður | | 0 | 332 |
| Rekstrartekjur samtals | | 13.265.322 | 12.642.619 |
| Orkukaup og orkuflutningur | | ( 1.559.743) | ( 1.494.705) |
| Laun og launatengd gjöld | | ( 1.768.313) | ( 1.677.023) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 1.390.401) | ( 1.544.938) |
| Rekstrargjöld samtals | | ( 4.718.457) | ( 4.716.666) |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)** | | 8.546.866 | 7.925.953 |
| Afskriftir | | ( 3.080.479) | ( 2.829.257) |
| **Rekstrarhagnaður (EBIT)** | | 5.466.387 | 5.096.696 |
| Vaxtatekjur | | 84.716 | 101.943 |
| Vaxtagjöld | | ( 1.596.772) | ( 1.708.903) |
| Aðrar tekjur (önnur gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum | | ( 10.065.745) | 1.185.591 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals | 6 | ( 11.577.801) | ( 421.369) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 1.791 | 2.062 |
| (Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt | | ( 6.109.624) | 4.677.389 |
| Tekjuskattur | | 3.462.237 | ( 808.111) |
| **(Tap) hagnaður tímabilsins** | | ( 2.647.387) | 3.869.278 |

Skýringar á bls. 9-16 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Yfirlit um heildarafkomu
# 1. janúar til 31. mars 2020

| | 2020<br>1.1.-31.3. | 2019<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| (Tap) hagnaður tímabilsins | ( 2.647.387) | 3.869.278 |
| **Önnur heildarafkoma** | | |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning** | | |
| Þýðingarmunur | 8.818.453 | 3.437.446 |
| | 8.818.453 | 3.437.446 |
| Önnur heildarafkoma eftir skatta | 8.818.453 | 3.437.446 |
| Heildarafkoma | 6.171.066 | 7.306.724 |

Skýringar á bls. 9-16 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Efnahagsreikningur 31. mars 2020

| | Skýr. | 31.3.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | | 346.116.959 | 328.956.132 |
| Óefnislegar eignir | | 2.602.310 | 2.498.099 |
| Leigueign | | 2.570.030 | 2.488.863 |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | | 75.543 | 73.753 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | | 5.216.267 | 5.216.267 |
| Áhættuvarnarsamningar | | 0 | 229.072 |
| Tekjuskattsinneign | | 9.284.969 | 4.879.759 |
| Fastafjármunir samtals | | 365.866.078 | 344.341.945 |
| Birgðir | | 1.295.706 | 1.195.475 |
| Viðskiptakröfur | 7 | 6.827.918 | 4.915.008 |
| Áhættuvarnarsamningar | | 578.129 | 388.451 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 558.041 | 368.978 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | | 557.706 | 184.464 |
| Bundnar innstæður og markaðsverðbréf | | 12.271.941 | 9.833.014 |
| Handbært fé | | 10.795.636 | 8.657.025 |
| Veltufjármunir samtals | | 32.885.076 | 25.542.415 |
| **Eignir samtals** | | 398.751.155 | 369.884.360 |
| **Eigið fé** | | | |
| Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna | | 92.265.956 | 93.186.474 |
| Bundinn hlutdeildarreikningur | | 53.139.364 | 48.585.813 |
| Gangvirðisreikningur | | 4.760.587 | 4.760.587 |
| Þýðingarmunur | | 11.230.272 | 2.411.820 |
| Óráðstafað eigið fé | | 27.074.352 | 33.354.772 |
| **Eigið fé samtals** | | 188.470.531 | 182.299.466 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | | 150.251.014 | 138.955.006 |
| Leiguskuld | | 2.385.808 | 2.355.873 |
| Lífeyrisskuldbinding | | 624.290 | 723.084 |
| Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum | | 11.758.423 | 5.307.027 |
| Áhættuvarnarsamningar | | 519.068 | 613.778 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 15.351.911 | 14.679.794 |
| Langtímaskuldir samtals | | 180.890.513 | 162.634.563 |
| Viðskiptaskuldir | | 2.664.549 | 2.926.455 |
| Vaxtaberandi skuldir | | 16.424.870 | 15.064.107 |
| Leiguskuld | | 156.384 | 153.878 |
| Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum | | 2.725.280 | 1.372.302 |
| Áhættuvarnarsamningar | | 271.890 | 317.233 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 7 | 548.208 | 149.735 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 759.501 | 1.693.071 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 5.839.428 | 3.273.550 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 29.390.110 | 24.950.331 |
| **Skuldir samtals** | | 210.280.624 | 187.584.894 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 398.751.155 | 369.884.360 |

Skýringar á bls. 9-16 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Eiginfjáryfirlit
# 1. janúar til 31. mars 2020

| 1.1.-31.3. 2020 | Endurmats- reikningur rekstrarfjárm. | Bundinn hlutdeildar- reikningur | Gangvirðis- reikningur | Þýðingar- munur | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 2020 | 93.186.474 | 48.585.813 | 4.760.587 | 2.411.820 | 33.354.772 | 182.299.466 |
| Þýðingarmunur | | | | 8.818.453 | | 8.818.453 |
| Tap tímabilsins | | | | | ( 2.647.387) | ( 2.647.387) |
| Heildarafkoma | 0 | 0 | 0 | 8.818.453 | ( 2.647.387) | 6.171.066 |
| Innlausn endurmats vegna afskrifta | ( 920.517) | | | | 920.517 | 0 |
| Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfél. umfram móttekinn arð | | 4.553.551 | | | ( 4.553.551) | 0 |
| Eigið fé 31. mars 2020 | 92.265.956 | 53.139.364 | 4.760.587 | 11.230.272 | 27.074.352 | 188.470.531 |

| 1.1.-31.3. 2019 | Endurmats- reikningur rekstrarfjárm. | Bundinn hlutdeildar- reikningur | Gangvirðis- reikningur | Þýðingar- munur | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 2019 | 83.821.060 | 42.972.671 | 3.395.941 | 540.882 | 30.096.679 | 160.827.232 |
| Þýðingarmunur | | | | 3.437.446 | | 3.437.446 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | 3.869.278 | 3.869.278 |
| Heildarafkoma | 0 | 0 | 0 | 3.437.446 | 3.869.278 | 7.306.724 |
| Innlausn endurmats vegna afskrifta | ( 842.866) | | | | 842.866 | 0 |
| Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfél. umfram móttekinn arð | | 3.739.799 | | | ( 3.739.799) | 0 |
| Eigið fé 31. mars 2019 | 82.978.193 | 46.712.469 | 3.395.941 | 3.978.328 | 31.069.025 | 168.133.956 |

Skýringar á bls. 9-16 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit
# 1. janúar til 31. mars 2020

| | 2020<br>1.1.-31.3. | 2019<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| (Tap) hagnaður tímabilsins | ( 2.647.387) | 3.869.278 |
| Leiðrétt fyrir: | | |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 11.577.801 | 421.369 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | ( 1.791) | ( 2.062) |
| Tekjuskattur | ( 3.462.237) | 808.111 |
| Afskriftir | 3.080.479 | 2.829.257 |
| Söluhagnaður eigna | 0 | ( 332) |
| Lífeyrisskuldbinding, (lækkun) hækkun | ( 98.794) | 42.236 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | 8.448.072 | 7.967.856 |
| Birgðir, hækkun | ( 100.231) | ( 18.517) |
| Skammtímakröfur, hækkun | ( 2.847.246) | ( 1.363.033) |
| Skammtímaskuldir, hækkun | 1.685.487 | 1.211.993 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | 7.186.082 | 7.798.299 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 102.043 | 165.427 |
| Greidd vaxtagjöld | ( 1.060.501) | ( 939.654) |
| Móttekinn arður | 87.596 | 1.195 |
| Greiðslur v. annarra fjármunatekna og fjármagnsgjalda | 13.262 | 47.074 |
| Greiddir skattar | ( 252.353) | ( 184.586) |
| Handbært fé frá rekstri | 6.076.129 | 6.887.754 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | ( 3.649.343) | ( 3.575.657) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | ( 180.006) | ( 172.507) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | 0 | 4.042 |
| Breyting á bundnum innlánum | ( 3.000.000) | 1.500.000 |
| Breyting á markaðsverðbréfum | 490.302 | 2.166.015 |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 6.339.048) | ( 78.107) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Tekin ný langtímalán | 5.897.872 | 3.528.181 |
| Afborganir langtímaskulda | ( 3.765.533) | ( 7.499.052) |
| Greiðslur vegna gjaldeyrisvarna | ( 25.477) | ( 214.536) |
| Afborganir leiguskulda | ( 37.931) | 0 |
| Fjármögnunarhreyfingar | 2.068.930 | ( 4.185.407) |
| **Hækkun á handbæru fé** | 1.806.012 | 2.624.240 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 8.657.025 | 10.988.087 |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé | 332.599 | 218.865 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | 10.795.636 | 13.831.192 |
| **Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa** | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 233.581 | 609.030 |
| Skammtímaskuldir, breyting | ( 233.581) | ( 609.030) |
| **Aðrar upplýsingar** | | |
| Veltufé frá rekstri | 5.975.464 | 5.541.802 |

Skýringar á bls. 9-16 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Skýringar

## 1. Félagið

Orkuveita Reykjavíkur (OR) er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. OR er með höfuðstöðvar á Íslandi að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Samandreginn samstæðureikningur OR geymir árshlutareikning móðurfyrirtækisins og dótturfélaga þess, (sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“) og hlutdeild í hlutdeildarfélögum.

Samstæðan veitir þjónustu í gegnum dótturfélög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

| | | Eignarhluti | |
|---|---|---|---|
| **Dótturfélög í samstæðunni** | **Meginstarfsemi** | **31.3.2020** | **31.12.2019** |
| Gagnaveita Reykjavíkur ehf. | Gagnaflutningar | 100% | 100% |
| OR Eignir ohf. | Eignarhaldsfélag | 100% | 100% |
| Veitur ohf. | Uppbygging og rekstur veitukerfa | 100% | 100% |
| Orka náttúrunnar ohf. | Vinnsla og sala rafmagns | 100% | 100% |
| ON Power ohf. | Vinnsla og sala rafmagns | 100% | 100% |
| OR Vatns- og fráveita sf. | Vatns- og fráveitustarfsemi | 100% | 100% |
| Reykjavík Energy Invest ehf. | Fjárfestingafyrirtæki | 100% | 100% |
| Úlfljótsvatn frítímabyggð ehf. | Undirbúningsfyrirtæki | 100% | 100% |
| Carbfix ohf. | Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun | 100% | 100% |

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. *Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt*

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, *árshlutareikningsskil.* Samandreginn árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2019. Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2019. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu á vef þess www.or.is, sem og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn staðfesti og heimilaði birtingu árshlutareikningsins 25. maí 2020.

### b. *Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill*

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill OR. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

### c. *Matsaðferðir*

Reikningsskil samstæðunnar eru gerð á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hafa verið endurmetnir til gangvirðis, innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum, eignarhlutar í öðrum félögum og aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru færð á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 39 með ársreikningi 2019.

### d. *Erlendir gjaldmiðlar*

#### i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Aðrar eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði í erlendri mynt eru færðar á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

## 2. Grundvöllur reikningsskilannam frh.

### d. *Erlendir gjaldmiðlar frh.*

#### ii) Dótturfélag með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu

Eignir og skuldir starfsemi félags samstæðunnar sem hefur bandarískan dollar (USD) sem starfrækslugjaldmiðil eru umreiknaðar í íslenskar krónur (ISK) miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld þessarar starfsemi eru umreiknuð í ISK á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í ISK er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar starfsemi með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu er seld, að hluta til eða að öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

### e. *Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða*

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

## 3. Starfsemi og tekjuskráning samstæðufélaga

Eftirfarandi eru upplýsingar um starfsemi samstæðufélaga. Sundurliðun tekna eftir afurðum er að finna í skýringu nr. 4 og tekjur eftir starfsþáttum í skýringu nr. 5.

| | Vörur og þjónusta | Eðli, tímasetning tekjuinnlausnar og greiðsluskilmálar |
|---|---|---|
| a. | Sala á rafmagni | ON Power ohf. og Orka náttúrunnar ohf. annast framleiðslu og sölu á rafmagni og Veitur ohf. dreifa rafmagni skv. gjaldskrá. Tekjur af sölu og dreifingu á raforku eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og föstu gjaldi. Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjumörkum sem gefin er út af Orkustofnun í samræmi við raforkulög nr. 65/2003. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi raforku og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á rafmagni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning. |
| b. | Sala á heitu vatni | Veitur ohf., ON Power ohf. og Orka náttúrunnar ohf. annast framleiðslu á heitu vatni og Veitur ohf. annast dreifingu á heitu vatni. Tekjur af sölu og dreifingu á heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og föstu gjaldi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi hitaveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á heitu vatni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning. |

## 3. Starfsemi og tekjuskráning samstæðufélaga, frh.

| | Vörur og þjónusta | Eðli, tímasetning tekjuinnlausnar og greiðsluskilmálar |
|---|---|---|
| c. | Sala á köldu vatni | OR Vatns- og fráveita sf. annast öflun og dreifingu á köldu vatni. Tekjur af sölu á köldu vatni taka mið af stærð húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár félagsins er 0,5% af fasteignamati. Að auki eru tekjur færðar samkvæmt mældri notkun á köldu vatni hjá tiltekinni atvinnustarfssemi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi vatnsveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á köldu vatni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning. Vatns- og fráveitugjöld eru innheimt á fyrstu 9 mánuðum ársins en tekjunum er dreift jafnt á allt árið reikningshaldslega. |
| d. | Fráveita | OR Vatns- og fráveita sf. annast rekstur fráveitu. Tekjur fráveitu taka mið af stærð húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár er 0,5% af fasteignamati. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi fráveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna fráveitu hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning. Vatns- og fráveitugjöld eru innheimt á fyrstu 9 mánuðum ársins en tekjunum er dreift jafnt á allt árið reikningshaldslega. |
| e. | Aðrar tekjur | Gagnaveita Reykjavíkur ehf. sér um rekstur gagnaflutningskerfis. Tekjur af gagnaflutningskerfi eru færðar við afhendingu á vöru og þjónustu. Um er að ræða samkeppnisrekstur sem er undir eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar. Orkuveita Reykjavíkur sér um leigu á húsnæði og búnaði, tilfallandi sölu á sérfræðiþjónustu og fleiru. Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum og aðrar tekjur við afhendingu á vöru eða þjónustu. Viðskiptakröfur vegna annarra tekna og leigutekna hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest. |

## 4. Tekjur af vöru- og þjónustusölu

Tekjur samstæðunnar af sölu á vörum og þjónustu sundurliðast þannig:

| | 2020<br>1.1.-31.3. | 2019<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| Rafmagn | 5.128.418 | 5.098.532 |
| Heitt vatn | 4.462.712 | 4.053.413 |
| Kalt vatn | 864.382 | 824.203 |
| Fráveita | 1.461.269 | 1.398.205 |
| Aðrar tekjur | 1.348.542 | 1.267.933 |
| Tekjur af vöru- og þjónustusölu samtals | 13.265.322 | 12.642.287 |

## 5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir innri upplýsingagjöf OR. Starfsþættir sem eru birtir eru *Veitur,* sem samanstanda af veiturekstri samstæðunnar í heitu og köldu vatni, dreifingu rafmagns og fráveitu, Orkusala og framleiðsla vegna samkeppnisreksturs í framleiðslu og sölu rafmagns og heits vatns auk *Annarrar starfsemi* sem sýnir rekstur móðurfyrirtækisins og *Gagnaveitu Reykjavíkur.* Móðurfyrirtækið sér um þjónustu við dótturfélög, leigu húsnæðis og búnaðar og fleira. Gagnaveita Reykjavíkur sér um rekstur gagnaflutningskerfis.

Við gerð starfsþáttayfirlits er notast við sömu reikningsskilareglur og samstæðan notast við og lýst er í skýringu 39 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2019.

| **Rekstrarstarfsþættir - svið** | | **Orkusala** | **Önnur** | **Jöfnunar-** | **Beiting** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1.1.-31.3. 2020** | **Veitur** | **og framleiðsla** | **starfsemi** | **færslur** | **IFRS 16*** | **Samtals** |
| Tekjur frá þriðja aðila | 8.855.160 | 3.654.078 | 756.084 | 0 | | 13.265.322 |
| Tekjur innan samstæðu | 851.222 | 2.925.621 | 1.823.994 | (5.600.837) | | 0 |
| Tekjur starfsþátta | 9.706.382 | 6.579.699 | 2.580.078 | (5.600.837) | | 13.265.322 |
| Rekstrargjöld starfsþátta | (4.472.663) | (3.874.355) | (2.067.730) | 5.600.837 | 95.454 | (4.718.457) |
| Rekstrarhagnaður starfsþátta, EBITDA | 5.233.719 | 2.705.344 | 512.349 | 0 | 95.454 | 8.546.866 |
| Afskriftir | (1.430.719) | (1.203.344) | (418.066) | 0 | (28.350) | (3.080.479) |
| Afkoma starfsþátta, EBIT | 3.803.000 | 1.502.000 | 94.283 | 0 | 67.104 | 5.466.387 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | (558.054) | 662.268 | (3.859.264) | (7.804.375) | (18.376) | (11.577.801) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 0 | 0 | 1.791 | 0 | | 1.791 |
| Tekjuskattur | (479.923) | (411.022) | 1.437.059 | 2.934.445 | (18.322) | 3.462.237 |
| Hagnaður (tap) tímabilsins | 2.765.023 | 1.753.246 | (2.326.132) | (4.869.930) | 30.406 | (2.647.387) |
| **1.1.-31.3. 2019** | | | | | | |
| Tekjur frá þriðja aðila | 8.175.224 | 3.653.566 | 813.829 | 0 | | 12.642.619 |
| Tekjur innan samstæðu | 735.078 | 1.149.183 | 1.852.423 | (3.736.684) | | (0) |
| Tekjur starfsþátta | 8.910.302 | 4.802.749 | 2.666.252 | (3.736.684) | | 12.642.619 |
| Rekstrargjöld starfsþátta | (4.230.189) | (2.077.262) | (2.145.899) | 3.736.684 | | (4.716.667) |
| Rekstrarhagnaður starfsþátta, EBITDA | 4.680.113 | 2.725.487 | 520.353 | 0 | | 7.925.953 |
| Afskriftir | (1.332.238) | (1.127.968) | (369.051) | 0 | | (2.829.257) |
| Afkoma starfsþátta, EBIT | 3.347.875 | 1.597.519 | 151.303 | 0 | | 5.096.696 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | (645.968) | 48.042 | (1.342.268) | 1.518.826 | | (421.369) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 0 | 0 | 2.062 | 0 | | 2.062 |
| Tekjuskattur | (367.353) | (315.319) | 445.640 | (571.078) | | (808.111) |
| Hagnaður (tap) tímabilsins | 2.334.553 | 1.330.241 | (743.264) | 947.747 | | 3.869.278 |

* Upplýsingar sem stjórnendur horfa til vegna starfsþátta taka ekki mið af reglum IFRS 16.

## 5. Starfsþáttayfirlit, frh.

| Rekstrarstarfsþættir - svið, frh. | Veitur | Orkusala og framleiðsla | Önnur starfsemi | Jöfnunarfærslur | Beiting IFRS 16* | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Efnahagur (31.3.2020)** | | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir .................. | 167.305.302 | 147.616.296 | 33.797.671 | 0 | | 348.719.269 |
| Leigueignir ........................................................................ | | | | | 2.570.030 | 2.570.030 |
| Aðrar eignir ........................................................................ | 21.268.407 | 13.961.056 | 171.563.096 | ( 159.330.703) | | 47.461.856 |
| | | | | | | 398.751.155 |
| Vaxtaberandi skuldir ............................................................ | 62.437.099 | 64.261.293 | 166.675.883 | ( 126.698.391) | | 166.675.883 |
| Leiguskuldir ........................................................................ | | | | | 2.542.191 | 2.542.191 |
| Aðrar skuldir ........................................................................ | 14.601.209 | 15.634.155 | 34.413.284 | ( 23.586.100) | | 41.062.549 |
| | | | | | | 210.280.624 |
| **Fjárfestingar 1.1.-31.3.2020** | | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir .................. | 1.972.748 | 974.533 | 648.487 | 0 | | 3.595.768 |
| **Efnahagur (31.12.2019)** | | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir .................. | 166.763.273 | 131.123.708 | 33.567.250 | 0 | | 331.454.232 |
| Leigueignir ........................................................................ | | | | | 2.488.863 | 2.488.863 |
| Aðrar eignir ........................................................................ | 17.485.349 | 10.956.734 | 158.713.621 | ( 151.214.439) | | 35.941.265 |
| | | | | | | 369.884.360 |
| Vaxtaberandi skuldir ............................................................ | 62.611.008 | 57.530.973 | 154.019.113 | ( 120.141.981) | | 154.019.113 |
| Leiguskuldir ........................................................................ | | | | | 2.509.752 | 2.509.752 |
| Aðrar skuldir ........................................................................ | 12.867.235 | 13.439.264 | 31.664.028 | ( 26.914.498) | | 31.056.029 |
| | | | | | | 187.584.894 |
| **Fjárfestingar 1.1.-31.3.2019** | | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir .................. | 1.654.051 | 559.866 | 937.687 | 0 | | 3.151.603 |

## 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | 2020<br>1.1.-31.3. | 2019<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig: | | |
| Vaxtatekjur af lánum og kröfum | 84.716 | 101.943 |
| Vaxtagjöld og greiddar verðbætur | ( 1.236.847) | ( 1.213.829) |
| Áfallnar verðbætur | ( 201.174) | ( 319.503) |
| Ábyrgðargjald til eigenda 1) | ( 158.751) | ( 175.572) |
| Vaxtagjöld samtals | ( 1.596.772) | ( 1.708.903) |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum | ( 7.804.375) | 1.518.826 |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna og fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstur | 313.944 | 244.615 |
| Gangvirðisbreyting áhættuvarnarsamninga | 100.660 | ( 51.415) |
| Uppgjör áhættuvarnarsamninga | ( 10.110) | ( 167.672) |
| Gengismunur | ( 2.753.460) | ( 359.957) |
| Arðstekjur | 87.596 | 1.195 |
| Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum samtals | ( 10.065.745) | 1.185.591 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals | ( 11.577.801) | ( 421.369) |

1) Samstæðan greiddi ábyrgðargjald til núverandi og fyrrverandi eigenda OR vegna ábyrgða sem þeir hafa veitt á skuldir samstæðunnar samkvæmt ákvörðun aðalfundar OR árið 2005. Gjaldið er á ársgrunni, 0,85% (2019: 0,89%) á lán vegna sérleyfisstarfsemi og 0,61% (2019: 0,60%) á lán vegna samkeppnisstarfsemi. Útreikningur gjaldsins er gerður miðað við stöðu lána í lok hvers ársfjórðungs. Ábyrgðargjaldið nam samtals 159 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2020 (1.1.-31.3.2019 : 176 milljónir kr.) og er fært á meðal vaxtagjalda.

**Gangvirðisbreytingar gegnum rekstur**

Við mat á gangvirði óskráðra fjáreigna og fjárskulda er beitt viðurkenndum verðmatsaðferðum sem er lýst í skýringu 39 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2019. Gangvirðisbreyting sem færð er til gjalda í rekstrarreikningi vegna þessa nemur samtals 7.390 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2020 (1.1.-31.3.2019: tekjufærsla að fjárhæð 1.712 milljónir kr.). Gangvirðisbreytingar sem tilheyra fjáreignum og fjárskuldum sem flokkaðar eru á stigi 3 er gjaldfærsla að fjárhæð 7.804 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2020 (1.1.-31.3.2019 : tekjufærsla 1.519 milljónir kr.).

## 7. Viðskiptakröfur og fyrirfram innheimtar tekjur

Staða viðskiptakrafna og staða fyrirfram innheimtra tekna breytist talsvert milli tímabila þar sem smásala er innheimt með jöfnum greiðslum en raunnotkun sveiflast talsvert á milli tímabila. Einnig eru vatns- og fráveitugjöld reikningsfærð á fyrstu níu mánuðum ársins en þeim tekjum er dreift jafnt á allt árið. Skráning tekna fer eftir notkun og afhendingu þjónustunnar í samræmi við reikningsskilareglur.

## 8. Gangvirði

**Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði**

Bókfært verð fjáreigna og fjárskulda á uppgjörsdegi er jafnt og gangvirði þeirra, fyrir utan vaxtaberandi skuldir sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

| | 31.3.2020 | | 31.12.2019 | |
|---|---|---|---|---|
| | Bókfært verð | Gangvirði | Bókfært verð | Gangvirði |
| Vaxtaberandi skuldir ............................................. | 166.675.883 | 181.551.788 | 154.019.113 | 160.699.452 |

Gangvirði vaxtaberandi skulda er reiknað núvirði höfuðstóls og vaxta, sem er afvaxtað með markaðsvöxtum, auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörsdegi. Gangvirði vaxtaberandi skulda er flokkað sem stig 2.

**Vextir við mat á gangvirði**

Þar sem við á er notaður vaxtaferill á uppgjörsdegi þegar vænt sjóðstreymi er núvirt. Vextirnir greinast þannig:

| | 31.3.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|
| Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum ......... | 5,62% til 6,56% | 6,84% til 7,21% |
| Áhættuvarnarsamningar ....................................... | -0,4% til 1,4% | -0,4% til 1,9% |
| Vaxtaberandi skuldir ............................................. | 1,12% til 4,06% | 1,23% til 6,01% |

Næmnigreiningar á áhrif breytinga á vaxtastigi, gengi gjaldmiðla og álverði eru sýndar í skýringu 29 með ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2019. Bent er á að hafa þessa skýringu til hliðsjónar við lestur árshlutareikningsins þar sem breyting á þessum forsendum hefur talsverð áhrif á ýmsar stærðir í reikningsskilum samstæðunnar.

**Stig gangvirðis**

Taflan sýnir fjármálagerninga sem færðir eru í reikningsskilin, flokkaða eftir stigi gangvirðis. Stig gangvirðis eru skilgreind út frá verðmatsaðferð á eftirfarandi hátt:

Stig 1: Uppgefin verð á virkum markaði fyrir sams konar eignir og skuldir.

Stig 2: Forsendur byggja á öðrum breytum en uppgefnum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verð) eða óbeint (afleidd af verðum).

Stig 3: Forsendur gangvirðis eigna og skulda eru byggðar á gögnum sem ekki er unnt að öllu leyti að afla á markaði. Verðmat á eignarhlutum í félögum er unnið af starfsmönnum OR og ytri sérfræðingum og byggir á afkomu og opinberum gögnum um framtíðartekjur og framtíðarfjárfestingar undirliggjandi eigna.

| 31.3.2020 | Stig 1 | Stig 2 | Stig 3 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eignarhlutir í félögum ............................................ | 0 | 0 | 5.216.267 | 5.216.267 |
| Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum ......... | 0 | 0 | ( 14.483.704) | ( 14.483.704) |
| Áhættuvarnarsamningar ....................................... | 0 | ( 212.829) | 0 | ( 212.829) |
| Markaðsverðbréf ................................................... | 4.050.440 | 0 | 0 | 4.050.440 |
| | 4.050.440 | ( 212.829) | ( 9.267.437) | ( 5.429.825) |

| 31.12.2019 | Stig 1 | Stig 2 | Stig 3 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eignarhlutir í félögum ............................................ | 0 | 0 | 5.216.267 | 5.216.267 |
| Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum ......... | 0 | 0 | ( 6.679.329) | ( 6.679.329) |
| Áhættuvarnarsamningar ....................................... | 0 | ( 313.489) | 0 | ( 313.489) |
| Markaðsverðbréf ................................................... | 7.333.014 | 0 | 0 | 7.333.014 |
| | 7.333.014 | ( 313.489) | ( 1.463.062) | 5.556.464 |

## 9. Tengdir aðilar

**Skilgreining tengdra aðila**

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn borgarinnar, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn og lykilstjórnendur samstæðunnar eru skilgreindir sem tengdir aðilar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

**Viðskipti við tengda aðila**

Framangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við samstæðuna á tímabilinu. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

Eftirfarandi er yfirlit um helstu viðskipti við tengda aðila á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2020, ásamt yfirliti um kröfur og skuldir samstæðunnar við þessa aðila í lok tímabilsins. Viðskiptum og stöðum milli félaga innan samstæðunnar er eytt út í samstæðuárshlutareikningnum og því ekki tilgreind. Upplýsingarnar ná ekki til sölu samstæðunnar á hefðbundnum aðföngum til heimilisreksturs viðkomandi aðila.

| | **2020** | **2019** |
|---|---|---|
| | **1.1.-31.3.** | **1.1.-31.3.** |
| Sala til tengdra aðila á tímabilinu var eftirfarandi: | | |
| Reykjavíkurborg | 277.969 | 397.693 |
| Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar | 130.131 | 164.018 |
| | 408.100 | 561.711 |
| Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á tímabilinu voru eftirfarandi: | | |
| Reykjavíkurborg | 30.178 | 14.302 |
| Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar | 4.988 | 2.433 |
| Hlutdeildarfélög | 14.960 | 14.514 |
| | 50.125 | 31.249 |
| | **31.3.2020** | **31.12.2019** |
| Kröfur á hendur tengdum aðilum í lok tímabilsins voru eftirfarandi: | | |
| Reykjavíkurborg | 155.808 | 184.011 |
| Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar | 57.850 | 65.356 |
| | 213.658 | 249.366 |
| Skuldir við tengda aðila voru eftirfarandi: | | |
| Reykjavíkurborg | 199.993 | 168.214 |
| Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar | 953 | 771 |
| Hlutdeildarfélög | 0 | 7.000 |
| | 200.947 | 175.985 |
| Vaxtaberandi skuldir við eigendur móðurfyrirtækis voru eftirfarandi: | | |
| Reykjavíkurborg | 9.493.009 | 9.811.423 |
| Akraneskaupstaður | 561.021 | 579.839 |
| Borgarbyggð | 94.688 | 97.864 |
| | 10.148.718 | 10.489.126 |
| | **2020** | **2019** |
| | **1.1.-31.3.** | **1.1.-31.3.** |
| Vaxtagjöld á lán frá eigendum móðurfélags á tímabilinu voru eftirfarandi: | | |
| Reykjavíkurborg | 241.054 | 267.317 |
| Akraneskaupstaður | 14.246 | 15.771 |
| Borgarbyggð | 2.404 | 2.662 |
| | 257.704 | 285.750 |

Ábyrgðargjald greitt til eigenda er meðal vaxtagjalda í ofangreindu yfirliti. Sjá fjárhæðir og umfjöllun um ábyrgðargjaldið í skýringu 6.